



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 2019

Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 2019 voru afhent í Höfða 24. apríl 2019. Dómnefnd Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar er skipuð þeim Tinnu Ásgeirsdóttur formanni, Helgu Birgisdóttur, Magnúsi Guðmundssyni, Rakel McMahon og Valgerði Sigurðardóttur.

Frumsamín barna- og unglíngabók

Verðlaun fyrir bestu frumsömdu bókina koma í hlut Hildar Knútsdóttur fyrir bókina Ljónið. Að mati dómnefndar er Ljónið lágstemmd unglíngabók sem virkilega leynir á sér, bókinn sjálf sé bæði undurfalleg og mikil, textinn einkar vel skrifaður og nostursamlega unninn.

Í flokki frumsamínna barna- og unglíngabóka voru þessar bækur tilnefndar: Ljónið eftir Hildi Knútsdóttur, Rottur eftir Ragnheiði Eyjólfsdóttur, Silfurlykillinn eftir Sigrúnu Eldjárn, Svarthol. Hvað gerist ef ég dett ofan í? eftir Sævar Helga Bragason og Sölvasaga Daníelssonar eftir Arnar Má Arngrímsson.

Þýðing á barna- og unglíngabók

Guðni Kolbeinsson fær verðlaun fyrir þýðingu á Villimærinni fögru eftir Philip Pullman. Í rökstuðningi dómnefndar segir að hér sé á ferðinni í senn vönduð, falleg og hugvitssöm þýðing sem færir íslenskum lesendum ævintýrabókmenntir eins og þær gerast bestar á okkar ástkæra og ylhýra máli.

Í flokki þýddra bóka voru eftirtaldir þýðendur tilnefndir: Guðni Kolbeinsson fyrir þýðingu á Villimærin fagra eftir Philip Pullman, Þórdís Bachmann fyrir bók 2 í bókaflokknum Hvísl hrafnanna eftir Malene Sølvesten, Erla E. Völudóttir fyrir Ferðalagið eftir Timo Parvela og Björn Sortland, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson fyrir Meira af Rummungi ræningja eftir Otfried Preubler og að lokum er það þýðing Jóns St. Kristjánssonar á Seiðmenn hins forna eftir Cressida Cowell.

Myndlýstar barna- og unglíngabækur

Rán Flygering fær Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar sem myndhöfundur, að þessu sinni fyrir bókina Sagan um Skarphéðin Dungal sem setti fram nýjar kenningar um eðli alheimsins sem hún gerði með Hjörleifi Hjartarsyni. Í umsögn dómnefndar segir að myndir Ránar Flygenring í bókinni séu stílhreinar, grafískar og á tíðum abstrakt. Þær sýni heiminn út frá

sjónarhorni flugunnar Skarphéðins og dragi vel fram áherslur sögunnar. Samspil lita og uppsetningar skapi fallega og kraftmikla heild sem einnig fangar ljóðræna frásögn bókarinnar.

Í flokki myndlýstra bóka voru tilnefndar: Ljóðpundari með myndlýsingum Sigrúnar Eldjárn og ljóðum eftir Þórarin Eldjárn, Sagan um Skarphéðin Dungal sem setti fram nýjar kenningar um eðli alheimsins, myndlýst af Rán Flygenring við texta Hjörleifs Hjartarsonar, *Milli svefns og vöku* með myndum Laufeyjar Jónsdóttur við texta Önnu Margrétar Björnsson, Sjúklega súr saga, myndlýst af Halldóri Baldurssyni með texta eftir Sif Sigmarsdóttur og að lokum Snúðra og Tuðra eiga afmæli, myndlýst af Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur við texta Iðunnar Steinsdóttur.